

Priðjudaginn 4. nóvember 1980.

Nr. 44/1980. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Kristjáni Péturssyni

(Ingi R. Helgason hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ökuhraði. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða, en var einnig áfrýjað af hálfu ákærvalds til þyngingar. Fyrir Hæstarétti lýsti ríkissaksóknari yfir því, að af hálfu ákærvalds væri krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykir mega staðfesta hann, þó svo, að greiðslufrestur sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa. Eru brot ákærða réttilega heimfærð til lagaákvæða í héraðsdómi að öðru leyti en því, að hinn of hraði akstur ákærða varðar við 1. mgr. 50. gr. umferðarlaga, eins og henni hefur verið breytt með 1. gr. laga nr. 16/1977, en samkvæmt henni er hámarkshraði bifreiða í þéttbýli 50 km á klukkustund.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 150.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 150.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði, Kristján Pétursson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 150.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verj-

anda síns, Inga R. Helgasonar hæstaréttarlögmanns, 150.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Verjandi ákærða rökstuddi kröfur sínar fyrir Hæstarétti aðallega um sýknu, en til vara um, að ákærði verði dæmdur í svo væga refsingu sem lög frekast heimila, m. a. með því, að það atferli lögreglunnar að veita skjólstæðingi hans eftirför með sírenuvæli og blikkljósum um götur Reykjavíkur hafi æst hann upp og orðið til þess, að hann fór að aka svo hratt og ógætilega sem raun varð á, en hinn hraði og ógætilegi akstur séu einu ákæruatriðin auk þess sem ákærði er ekki talinn hafa sinnt stöðvunarmerki.

Dó að ég telji, að lögreglan hafi með því að halda áfram hinni hröðu eftirför, sem svo varð árangurslaus, ekki metið rétt hlutfall milli þeirra hagsmuna, sem í húfi voru, þ. e. að stöðva og handsama ákærða, og þeirra hagsmuna, sem stofnað var í hættu með eftirförinni, get ég ekki fallist á þá skoðun verjanda, að það eigi að valda refsileysi eða refsilækkun fyrir ákærða.

Með þessari athugasemd er ég samþykkur dómsatkvæði meiri hluta dómenda um, að hinn áfrýjaði dómur eigi að vera óraskaður.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 27. mars 1979.

Ár 1979, þriðjudaginn 27. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjórnsyni yfirsakadómar, kveðinn upp dómur í málinu nr. 105/1979: Ákæruvaldið gegn Kristjáni Péturssyni, sem tekið var til dóms 22. þ. m.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 23. jan. sl., gegn Kristjáni Péturssyni verkamanni, Neshaga 9, fæddum 25. nóvember 1944 í Reykjavík, „fyrir að hafa sunnudagskvöldið 10. desember 1978 ekið bifreiðinni R 44017 með miklum hraða, ógætilega og án þess að

sinna stöðvunarmerkjum lögreglubifreiðar, sem veitti ákærða eftirför um Njálsgötu, Snorrabraut, Flókagötu, Lönguhlíð og Bólstaðarhlíð, þar sem ákærði ók með 120 kílómetra hraða miðað við klukkustund, þar til hann snögghemlaði þar og sneri við og hvarf sjónum lögreglumanna á Hallarmúla.

Telst þetta atferli ákærða varða við 1. mgr. 37. gr., 3. mgr. 38. gr., 1., 2., a, b og c liði 3. mgr. 49. gr., 1. mgr. 50. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 81. gr. umferðarlaga.“

Að kvöldi sunnudagsins 10. des. 1978 tilkynnti Garðar Örn Kjartansson bifreiðarstjóri, Dalalandi 4, lögreglunni um hraðan og ógætilegan akstur R 44017, og samkvæmt skýrslu lögreglunnar virðist hann hafa talið, að ökumaður mundi vera ölvaður. Lögregluþjónarnir Hlynur Þór Antonsson, Hans Sigurbjörnsson og Jóhannes Viggósson, sem voru á ferð í miðborginni í lögreglubifreið, voru settir til þess að sinna þessu. Er þeir voru að aka vestur Njálsgötu, mættu þeir R 44017 og sneru þá við og veittu henni eftirför. Ökumaður nam ekki staðar þrátt fyrir stöðvunarmerki, og eltu lögregluþjónarnir bifreiðina eftir því sem næst verður komist um Snorrabraut, Flókagötu, Gunnarsbraut, Njálsgötu, Rauðarárstíg, Flókagötu, Lönguhlíð, Háteigsveg og Bólstaðarhlíð. Þar var R 44017 snúið við, og gerðu lögregluþjónarnir slíkt hið sama og eltu bifreiðina nú um Bólstaðarhlíð, Háaleitisbraut, norður Lág múla, þar sem ökumaður ók um bifreiðastæði út í Hallarmúla, síðan inn í port bak við verslunarhús og þá leið niður á Suðurlandsbraut, síðan suður Hallarmúlann, og misstu lögregluþjónarnir svo sjónar á bifreiðinni í bílamergð við skemmtistaðinn Hollywood. Bifreiðin fannst um kl. 0210 við Súðarvog 24 og var þá mannlaus. Í farþegasæti fannst veski með skilríkjum ákærða, en hann er eigandi bifreiðarinnar.

Ákærði hefur við meðferð málsins lýst yfir því, að hann hafi verið ökumaður R 44017 í þessari ökuferð. Hann kveðst hafa ekið hratt í því skyni að komast undan lögreglubifreiðinni og ekki sinnt stöðvunarmerkjum. Hann kveðst ekki hafa verið ölvaður og gefur þá skýringu á háttsemi sinni, að hann hafi verið í vondu skapi og ekki kært sig um að tala við lögregluþjóna.

Ákærði kveðst, sem fyrr segir, hafa ekið allhratt og minnst þess, að hann ók um Bólstaðarhlíð með 80 km/klst hraða. Neitar ákærði því með öllu, að hraðinn hafi nokkru sinni farið fram

úr því í þessari ökuferð, og mótmælir sakargiftum um allt að 120 km hraða.

Vitnið Garðar Örn Kjartansson kveðst hafa ekið bifreið sinni upp (suður) Vitastíg, og er komið var að mótum hans og Njálsgötu, hafi R 44017 verið ekið yfir gatnamótin til vesturs, án þess að biðskyldu væri gætt. Garðar ók á eftir bifreiðinni vestur Njálsgötu og sá númerið. Hann segist síðan hafa séð það til ferða R 44017, að henni var ekið um Klapparstíg inn á Skólavörðustíg og niður hann. Garðar segir, að R 44017 hafi verið ekið allt of hratt og ógætilega og sér hafi komið í hug, að eitthvað væri athugavert við ökumann, og því kallað til lögreglu gegnum talstöð.

Vitnið Hlynur Þór Antonsson stýrði lögreglubifreiðinni. Hann segir, að R 44017 hafi verið ekið mjög glæfralega og hratt og engin aðgát viðhöfð við gatnamót. Hann segir, að í Bólstaðarhlíð hafi þeir félagar náð að mæla hraða R 44017, er þeir óku á eftir henni, og hraðinn hafi þá skv. mæli verið um 100 km/klst, en Hlyn minnir einnig, að dregið hafi heldur sundur með bifreiðunum, og því hafi þeir lögregluþjónarnir giskað á, að hraðinn mundi hafa náð 120 km/klst, en sú tala er tilgreind í skriflegri skýrslu, sem Hans Sigurbjörnsson hefur undirritað, en lögregluþjónarnir höfðu samið í sameiningu.

Vitnið Hans Sigurbjörnsson segir, að ökumaður R 44017 hafi einskis svifist til þess að komast undan lögreglunni og akstur hans hafi verið ein samfelld hætta. Hann hafi ekki dregið úr hraða á gatnamótum og ekið ýmist á réttum eða röngum vegarhelmingi. Hans segist hafa horft á hraðamæli í akstrinum um Bólstaðarhlíð og hafi vísirinn þá verið kominn nokkru lengra til hægri en beint upp, þ. e. verið kominn eitthvað yfir 100 km mark. Hann segir, að það hafi verið félagar hans, sem töldu hraðann hafa komist upp í 120 km/klst, svo sem skráð er í frumskýrslu.

Vitnið Jóhannes Viggósson segir, að R 44017 hafi verið ekið bæði hratt og ógætilega miðað við aðstæður og stöðvunarskyldu og aðgát ekki sinnt. Jóhannes kveðst hafa séð af hraðamæli lögreglubifreiðarinnar, er ekið var um Bólstaðarhlíð, að hraðinn hafi verið um 100 km/klst. Jóhannes kveðst hafa verið aftur í lögreglubifreiðinni. Hann segir, að Hlynur Þór hafi haft við orð, að hraðinn hafi náð 120 km/klst, en það kveðst Jóhannes ekki hafa séð sjálfur.

Ákærði neitar því, að hann hafi brotið biðskyldu á mótum

Njálsgötu og Vitastígs. Hann tekur fram, að hann hafi stöðvað vegna umferðar bæði á Rauðarárstíg og Háteigsvegi.

Ákærði hefur tekið fram, að hann hafi ekki ekið af Njálsgötu inn á Snorrabraut, heldur beygt af Njálsgötu inn á Barónsstíg, síðan ekið niður Bergþórugötu og inn á Snorrabraut. Þetta kveða Hlynur Þór og Hans ekki rétt, heldur hafi ákærði beygt af Njálsgötu suður Snorrabraut.

Vitnið Hlynur Þór Antonsson skýrir svo frá, að daginn eftir hafi verið farið með bifreið ákærða og lögreglubifreiðina suður á flugvöll og þar hafi þær verið hraðaprófaðar á flugbraut. Hámarkshraði beggja hafi reynst 116 km/klst. Hlynur segir, að brautin hafi þá verið blaut og sandborin.

Sannað þykir með framburði ákærða og öðrum gögnum, að ákærði hafi vísitandi ekki sinnt stöðvunarmerkjum lögreglu. Varðar það við 38. gr. umferðarlaga.

Einnig er sannað með framburði ákærða og vitna, að hann ók langt yfir lögleyfðan hámarkshraða. Sjálfur kannast hann við 80 km/klst hraða í Bólstaðarhlíð, þar sem hámarkshraði er 45 km/klst, og af vitnaframburðum þykir sannað, að hraðinn hafi þar verið talsvert meiri, eða um 100 km/klst. Ekki er þó sannað, að hraðinn hafi verið svo mikill sem í ákæru er talið (120 km/klst).

Ákærði hefur samkvæmt þessu brotið gegn 50. gr. umferðarlaga. Hann hefur einnig bersýnilega ekið mjög ógætilega miðað við aðstæður, meðan á eftirförinni stóð. Eru þá hafðar í huga aðstæður á leið þeirri, sem ekin var, en hún liggur um íbúðarhverfi og yfir mörg gatnamót. Þykir ákærði þannig einnig hafa gerst sekur um brot gegn 1. mgr. 37. gr. og 1.—3. mgr. 49. gr. umferðarlaga.

Dómurinn telur brot ákærða mjög stórfelld og að hann hafi með akstri sínum stofnað umferðaröryggi í verulega hættu.

Ákærði hefur skv. sakavottorði á árabílinu 1962—1967 sjö sinnum sæst á sektargreiðslu fyrir umferðarbrott, en ekki verið kærður fyrir lögbrot síðan. Rannsóknargögnum málsins fylgir ljósrit úr ökuferilsskrá lögreglu, er telur ýmsar umferðarávirðingar ákærða á tímabilinu 1962—1978, en ekki þykir skjal þetta verða virt sem sönnunargagn í máli þessu.

Refsing ákærða þykir skv. 80. gr. umferðarlaga og samkvæmt áðurgreindum röksemdum hæfilega ákveðin 200.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 20 daga varðhald fyrir sektina, ef hún

verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Þá þykir skv. 81. gr. umferðarlaga verða að svipta ákærða ökuleyfi sínu 2 ár frá 11. desember 1978 að telja, en þann dag var hann sviptur leyfinu til bráðabirgða. Samkvæmt 5. mgr. 81. gr. umferðarlaga frestar áfrýjun ekki áhrifum þessa dómsákvæðis.

Ákærði verður dæmdur til þess að greiða sakarkostnað, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Inga R. Helgasonar hæstaréttarlögmans, 50.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Kristján Pétursson, greiði 200.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 20 daga varðhald í stað sektar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er frá 11. des. 1978 að telja sviptur ökuleyfi 2 ár. Áfrýjun frestar ekki áhrifum þessa dómsákvæðis.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Inga R. Helgasonar hæstaréttarlögmans, 50.000 krónur, svo og annan kostnað sakarinnar.

Þriðjudaginn 4. nóvember 1980.

Nr. 141/1979. **Leifur Sveinsson**

(Helgi V. Jónsson hrl.)

gegn

Gjaldheimtunni í Reykjavík

og gagnsök

(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.).

Lögtak. Skattamál. Skyldusparnaður. Afturvirkni laga. Stjórnarskrá. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Sigurgeir Jónsson og Halldór Þorbjörnsson yfirsakadómari.